

Fundargerð 296. stjórnarfundar Stjórnvísí

Verkefni: 296. stjórnarfundur Stjórnvísí haldinn 2. september 2020 á TEAMS.

Efni fundar: Dagskrá:

1. Fyrirmyndarfyrirtæki – afhending, hvað gekk vel og hvað má betur fara.
2. Kick off fundur sem haldinn var 27. ágúst á Teams.
3. Fréttir af dagskrá faghópa sem send verður út þann 4. september
4. Fjárhagsstaða Stjórnvísí
5. Haustráðstefna Stjórnvísí 8. október 2020
6. Staða verkefna (áhersluverkefna og annarra verkefna)
7. Önnur mál

Dags.fundar: 2.september 2020	Tími: 11:00-12:00	Nr. fundar: 296
Fundarboðari: AÓG	Fundarritari: GA	Staður: Teams

Viðstaddir: Aðalheiður Ósk Guðmundsdóttir, Guðný Halla Hauksdóttir, Ásdís Erla Jónsdóttir, Gunnhildur Arnardóttir, Sigríður Harðardóttir, Steinunn Ketilsdóttir, Ósk Heiða Sveinsdóttir, Stefán Hrafn Hagalín, Jón Gunnar Borgþórsson og Ingi Björn Sigurðsson.

Gestir:

Samantekt og niðurstaða fundar

1. **Fyrirmyndarfyrirtæki** Afhending viðurkenninga fór fram með miklum ágætum á sólbjörtum degi í Nauthól og var allt til mikillar fyrirmyndar hvað varðar fundarstjórn, afhendingu viðurkenninga, fyrirlestur og myndatöku. Mikil umfjöllun var í framhaldi hjá þeim 17 aðilum sem hlutu viðurkenninguna og einstaklega falleg mynd prýddi síður fjölmiðlanna í framhaldi þar sem viðurkenningarhafar stóðu á grasgrænum bletti með grenitré í bakgrunni, tveggja metra bil á milli sín með skjöldinn í fanginu og sólina skínandi.
2. **Kick off fundur** var haldinn á Teams þann 27. ágúst og var prýðisgóð mæting á fundinn rúmlega 50 manns. Mikið hrós barst á þeim fundi varðandi fundinn sem haldinn var 26. ágúst á vegum stjórnar með hinni frábæru leikkonu Maríu Ellingsen sem fjallaði um helstu atriði sem hafa ber í huga til að halda athygli áheyranda í fyrirlestri. Kick off fundurinn er aðgengilegur öllum Stjórnvísífélögum og hægt að nálgast hann undir frétt frá fundinum á vefsíðu félagsins. Þeir sem misstu af fundinum hafa margir óskað eftir samþykki um að fá að horfa á hann á Teams.
3. **Fréttir af dagskrá** faghópa sem send verður út föstudaginn 4. september. Á annað hundrað fundir eru komnir inn á dagskrá Excel-skjalsins sem er aðgengilegt á vefnum fyrir alla undir fundinum.

4. **Fjárhagur félagsins** er samkvæmt áætlun.
5. **Haustráðstefna Stjórnvísí** 8.október 2020.
 - a. Velja gott nafn á ráðstefnunna (Þema ársins er „Ár aðlögunar“ nú er að finna afbragðsflott nafn sem vekur athygli.
Hérna eru fyrstu drög:
 - b. **Hvenær:** Haustráðstefna Stjórnvísí verður haldin á Nauthól og streymt beint af staðnum.
 - c. Þema ráðstefnunnar: "**Aðlögun eða Andlát**" Aðgangur er frír.
 - d. Ráðstefnustjóri: **Þórunna K. Jónsdóttir** markaðs-og kynningarstjóri Samtaka verslunar og þjónustu.
 - e. Fyrirlesarar:
 - f. **Guðbjörg Guðmundsdóttir**, framkvæmdastjóri Marel á Íslandi
 - g. **Hrund Gunnsteinsdóttir**, framkvæmdastjóri Festu, miðstöð um samfélagslega ábyrgð.
 - h. **Hjálmar Gíslason**, stofnandi og framkvæmdastjóri Grid
 - i. **Ólafur Baldursson**, Landspítalinn
 - j. **Darri Atlason**, Head Of Business Development at Lucinity
 - k. **Aðalheiður Ósk Guðmundsdóttir**, formaður stjórnar Stjórnvísí setur ráðstefnuna kl. 09:00. Því næst munu fyrirlesarar flytja erindi. Stuttar vinnustofur verða á eftir hverju erindi þar sem gestir geta farið inn á slido forritið sent inn fyrirspurnir og helstu punkta.
 - l. **Senda póst á styrktaraðila**
6. **Staða verkefna** (áhversluverkefna og annarra verkefna).

Verkefni stjórnar starfsárið: 2020 – 2021

1. Stuðningur við stjórnir faghópa.

Ábyrgðaraðilar: **Ásdís**, Aðalheiður, Steinunn, Ingi Björn (Fundur í þar næstu viku)

1. Teams
2. Podcast
3. Mælaborðið
4. Markaðsmál og sýnileiki.

2. Markaðsmál og sýnileiki. (fundur í næstu viku)

Ábyrgðaraðilar: **Ósk Heiða**, Stefán Hrafn, Jón Gunnar, Guðný Halla

1. Meðal aðila að Stjórnvísí
2. Utan félagsins
3. LinkedIn
4. Selfoss, Akureyri – Samstarf með háskólanum á Akureyri
5. Heimasíðan
6. Markviss fjölgun fyrirtækja
7. Markviss fjölgun háskólanema . Hvetja faghópa til að tala við deildir og kennara og t.d. fá 5 bestu nemendur til að kynna niðurstöður

3. Samstarf við aðra aðila um jafningjafræðslu (búið að bóka fund)

Ábyrgðaraðilar: **Jón Gunnar**, Sigríður, Steinunn, Ásdís,

1. Atvinnulífið (KPMG stjórnarhættir)
2. Háskólarnir
3. Opinberir aðilar - stjórnkerfið
4. Opinberir aðilar - fyrirtækin

5. Samtök atvinnulífsins
6. Samstarf með háskólanum á Akureyri
7. Símenntunarmiðstöðvar út um allt land
8. Stjórnunarfélag suðurlands Selfoss -
9. Sinnum landsbyggðinni - fáum flotta fyrirlestara þaðan og streyma

Önnur verkefni: EFQM? Íslensku gæðaverðlaun?

Önnur mál. Fundur með fyrirlesurum og ráðstefnustjóra.